

Borgarnesi 14. nóvember 2024

Fjölskyldusvið Borgarbyggðar

B.t. Hlöðvers

Nemendafélag Grunnskólans í Borgarnesi sækir hér með um styrk að upphæð 350.000- kr. til að standa straum að kostnaði við jólaútlarp á vegum NFG árið 2024.

Jólaútlarpíð hefur verið fastur liður í bæjarlífinu hér í um 30 ár og verður vonandi áfram því það er vinsælt meðal bæjarbúa og nýtur mikillar velvildar hjá fyrirtækjum. Sumir tala um að þeir komist fyrst í jólaskap þegar jólaútlarpíð hefst. Samkvæmt könnun sem var gerð árið 2012, hlustuðu um 90 % íbúa í Borgarnesi á einhvern dagskrárlið jólaútlarpsins það árið. Sem fyrr stendur til að bjóða öðrum skólum sveitarfélagsins að vera með þátt í útlarpinu.

Til þess að hægt sé að halda áfram með þetta skemmtilega og góða starf sem þarna er unnið þarf nemendafélagið að standa straum af kostnaði sem til fellur s.s. leigu á búnaði sem til þarf. Einnig höfum við fengið Sigurbór Kristjánsson (Sissi) til að sjá um upptökur og halda utan um útsendingamálin undanfarið ár og að sjálfsögðu þarf að borga honum laun fyrir.

Borgarbyggði styrkti nemendafélagið til kaupa á þessum liðum árin 2015 til 2023 og sækjum við nú um styrk fyrir árið 2024 svo hægt sé að halda þessu góða starfi áfram.

Fh. Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi

---

Rikka Emilía Einarsdóttir, formaður

---

Alda Rut Eðvarsdóttir, gjaldkeri

---

Kristín M. Valgarðsdóttir,  
deildarstjóri unglingsstígs  
Grunnskólanum í Borgarnesi